

87. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands
haldinn 08.06.10 í Iðu, kl. 16.00

Mætt: Anna Fríða Bjarnadóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson og Gylfi Þorkelsson formaður, sem ritaði fundargerð. Auk þeirra sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri. Magðalena Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Reglur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Fræðslunets Suðurlands ses. endurskoðaðar

Lögð fram drög að nýjum reglum um „Vísinda og rannsóknarsjóð Suðurlands“. Helsta breytingin er sú að lagt er til að Háskólafélag Suðurlands ehf. verði aðili að vísindasjóðnum með fræðslunetinu. Stjórn samþykkir meðfylgjandi drög að nýjum reglum.

R E G L U R

um

Vísinda- og rannsóknarsjóð Suðurlands

1. gr. Heiti og varnarþing

Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í reglum þessum. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Selfossi.

Til sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.

2. gr. Markmið vísinda- og rannsóknarsjóðsins

Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.

3. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og fjórum til vara. Stjórn Fræðslunets Suðurlands skipar þrjá aðalmenn og tvo til vara, en stjórn Háskólafélags Suðurlands skipar tvo aðalmenn í stjórnina og tvo til vara.

4. gr. Tekjur og gjöld vísinda- og rannsóknarsjóðsins

Tekjur vísindasjóðsins byggja á frjálsum framlögum styrktaraðila sjóðsins. Leitað skal eftir a.m.k. 5 ára skriflegum samningi við hvern styrktaraðila þar sem framlög þeirra verða skilgreind. Skrá yfir styrktaraðila sjóðsins og framlög skulu fylgja ársreikningi Fræðslunets Suðurlands.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Sjóðurinn færir með sérstökum bókhaldslykli í bókhaldi Fræðslunets Suðurlands og skulu tekjur og gjöld sjóðsins vera skýrlega aðgreindir frá öðrum rekstri Fræðslunetsins. Fræðslunet Suðurlands skal sjá um bókhald sjóðsins og önnur störf sem nauðsynleg eru til að tryggja starfrækslu sjóðsins og skal kostnaður sem fylgir umsýslu sjóðsins greiddast úr sjóðnum.

Komi til þess að sjóðurinn verði af einhverjum ástæðum lagður niður skal hann renna til Fræðslunets Suðurlands eins og hann er á þeim tíma.

5. gr. Umsóknir um styrki

Umsókn um styrkveitingu skal auglýst í fjölmiðlum og á heimasíðum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands fyrir septemberlok ár hvert. Niðurstöður styrkveitinga skulu liggja fyrir eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Með umsókn skal umsækjandi leggja fram ítarlega verklýsingu og verkáætlun um hvenær verk hefst og hvenær verki lýkur. Einnig skal umsækjandi gera glögga grein fyrir mikilvægi verkefnisins fyrir Suðurland og með hvaða hætti niðurstöður þess kunna að gagnast Sunnlendingum.

Stjórn er heimilt að leita álits sérfræðinga áður en hún tekur ákvörðun um styrkveitingu.

6. gr. Úthlutunarreglur

Skilyrði fyrir styrkveitingu skulu vera eftirfarandi:

- 1) Rannsóknarverkefnið skal vera lokaverkefni til BA/BS eða sambærilegrar eða hærrí gráðu. Við mat á styrkhæfni verkefnis skal tekið tillit til þeirrar prófgráðu sem stefnt er að með rannsóknarverkefninu. Verkefni sem er lokið þegar umsóknarfrestur rennur út, telst ekki styrkhæft. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að leita eftir vottorði umsjónarmanns um að verkefni sé ekki lokið.
- 2) Rannsóknarverkefni verður að tengjast Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.
- 3) Við mat á verkefninu skal tekið tillit til hversu líklegt er að niðurstöður verkefnisins kunni að leiða til frekari atvinnuuppbyggingar, stuðla að frekari rannsóknum og í heildina þjóna hagsmunum Sunnlendinga.
- 4) Höfundur skuldbindur sig til að standa að kynningu á lokaniðurstöðum verksins í formi fyrirlestra og eða námskeiðs í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands, án frekari kostnaðar fyrir Fræðslunetið og Háskólafélagið.

5) Höfundur skuldbindur sig til að heimila Fræðsluneti Suðurlands og Háskólafélagi Suðurlands dreifingu á verkefninu í allt að 20 eintökum til aðila á Suðurlandi án sérstaks endurgjalds.

6) Úthlutun gildir í 12 mánuði. Hafi styrkþegi ekki nýtt sér styrkinn á þeim tíma rennur féð til vísinda- og rannsóknarsjóðsins á nýjan leik og verður lagt í úthlutunarsjóðinn.

Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna umsóknum, einni eða fleirum, eða fara fram á endurskoðun verkefnis- og/eða kostnaðaráætlunar. Stjórnin getur ákveðið að úthluta öllu úthlutunarfé til eins umsækjanda eða skipta því milli fleiri umsækjenda. Umsóknir, sem reynist ekki unnt að styrkja, verða endursendar.

7. gr. Úthlutun og kynning

Stjórn sjóðsins tilkynnir umsækjendum um niðurstöðu sína um leið og hún liggur fyrir.

Gera skal starfssamning við viðkomandi styrkþega. Samningurinn tekur til ákvæða um upphafs- og lokatíma verksins, framkvæmd kynninga og tímasetninga. Jafnframt skal í samningi tilgreint hvernig greiðslu styrks skuli háttáð.

Miðað skal við að styrkurinn sé greiddur út í fernu lagi gegn framvísun reiknings, þannig:

1) 40% við undirritun samnings.

2) 20% við afhendingu ritgerðar/verkefnis þegar hún/það er hæf til mats hjá viðkomandi deild/umsjónarmanni verkefnis.

3) 20% við útskrift og afhendingu eignareintaka.

4) 20% við lok kynningar námskeiðs eða fyrirlestra.

5) Sé um doktorsverkefni að ræða, sem er skammt á veg komið, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða út hluta styrks í samræmi við lið 2 og 3 hér á undan með sérstökum samningi við styrkþega, enda liggi fyrir staðfesting styrkþega, vottuð af umsjónarmanni verkefnisins, á því að verkefninu vindi fram á eðlilegan hátt.

Framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmd samstarfssamningsins fyrir hönd Fræðslunetsins og Háskólafélagsins.

Kynning skal framkvæmd í nánu samkomulagi við framkvæmdastjóra Fræðslunetsins og Háskólafélagsins, annað hvort í formi námskeiðs eða fyrirlestrar, eftir því sem hentar hverju sinni.

8. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þegar stjórnir Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands hafa samþykkt þær með undirritun sinni.

Breytingar á reglum sjóðsins þurfa að hljóta samþykki stjórna Fræðslunetsins og Háskólafélagsins.

2. Stefnumótunarskjal til afgreiðslu

Lögð var fram endanleg gerð að „Stefnu Fræðslunets Suðurlands“, sem unnin hefur verið upp úr þeim hugmyndum sem fram komu á stefnumótunardegi Fræðslunetsins 6. nóvember sl. Stjórn samþykkir stefnuna eins og hún liggur fyrir.

Stefna Fræðslunets Suðurlands

Lærum allt lífið

1. Gildi

Sveigjanleiki
Fagmennska
Jafnræði
Traust

2. Hlutverk FnS er að

- auðvelda aðgengi íbúa fjórðungins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu
- sinna fræðsluþörfum fullorðinna sem ekki sækja nám í formlega skólakerfinu
- sinna sí- og endurmenntun háskólamenntaðs fólks í samvinnu við Háskólafélag Suðurlands
- veita fullorðnu fólki náms- og starfsráðgjöf
- leggja áherslu á samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar
- nýta bestu fáanlega fjarkennslustækni hverju sinni
- styðja við rannsóknir og vísindaiðkun á Suðurlandi eftir því sem aðstæður leyfa
- hafa samstarf við aðra sem sinna sí- og endurmenntun
- stuðla að eflingu mannauðs á Suðurlandi

3. Skyldur við samfélagið eru að

- tryggja fjölbreytt námsframboð
- bregðast fljótt við ólíkum þörfum samfélagsins fyrir nám og þjálfun
- gera fólki kleift að sækja sér fræðslu alla ævi
- fylgjast með nýjungum í fullorðinsfræðslu og nota sem fjölbreytilegastar aðferðir við miðlun fræðslunnar
- að veita sem besta þjónustu og ráðgjöf á öllu starfssvæði Fræðslunetsins
- innleiða breyttar skyldur í framtíðinni eftir því sem aðstæður leyfa
- leggja áherslu á að höfða/ná til þeirra sem minnsta menntun hafa

- hafa samstarf við fyrirtæki, stofnanir og félög um fræðslu og þjálfun, s.s. að greina fræðsluþörf þeirra
- ráða hverju sinni hæfustu kennara og leiðbeinendur sem völ er á
- kynna starfsemi Fræðslunetsins með bæklingum, í námsvísi, á heimasíðu og með kynningum í fyrirtækjum, stofnunum og félögum
- hafa virkt samstarf við aðra sem sinna fullorðinsfræðslu

4. Ytri og innri samskipti

- starfsmenn kappkosti þjónustulipurð við alla sem eiga erindi við Fræðslunetið
- öll erindi séu afgreidd fljótt og vel
- starfsmenn sýni viðskiptavinum trúnað og virðingu
- til sé starfsmannahandbók með starfslýsingum, upplýsingum um starfsmenn og vinnutíma, um Fræðslunetið sjálft og stjórn þess
- leita eftir samstarfi við ýmsa fagaðila um námskeiðahald með utanumhaldi, s.s. auglýsingum á þjónustu þeirra í námsvísi, innheimtu námskeiðsgjalda, úgáfu viðurkenningarskjala o.fl.
- allir starfsmenn Fræðslunetsins leggi rækt við góð og gefandi samskipti og stuðli þannig að góðum vinnuanda
- starfsmenn sinni þátttakendum á námskeiðum vel og greiði götu þeirra eins og nokkur kostur er
- allir starfsmenn stuðli að góðum vinnuanda
- halda starfsmannafundi reglulega
- hafa regluleg samskipti stjórnar og starfsmanna
- stjórn og starfsfólk hittist a.m.k. einu sinni á ári þar sem fram fari hugmyndavinna um starfið á næsta skólaári
- ætíð séu til starfslýsingar fyrir öll störf og þær lagaðar að breyttum tímum og nýjum kröfum
- starfsmenn sýni hver öðrum trúnað og virðingu

5. Vinnustaðurinn – aðstaða og starfsfólk

- að tryggja eins og kostur er við núverandi aðstaður góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað
- að leysa úr húsnæðismálum Fræðslunetsins þannig að starfsmenn verði allir undir einu þaki og hver hafi sína vinnustöð
- að námsumhverfi henti fullorðnu fólki, s.s. kennslustofur og húsgögn og annar aðbúnaður
- að starfsmenn geti sinnt þekkingaröflun og endurmenntun til að vaxa í starfi
- starfsmenn eigi þess kost eftir atvikum að sækja námskeið sem Fræðslunetið heldur
- starfsmenn séu sér ætíð meðvitandi um sameiginlega ábyrgð á faglegri frammistöðu Fræðslunetsins sem og fjárhagslegri afkomu

6. Sérstaða

Fræðslunetið er þjónustustofnun og sérvið þess er fullorðinsfræðsla. Sérstaða Fræðslunetsins markast að öðru leyti af

- sveigjanleika
- skjótri og öruggri þjónustu
- kennslu víðsvegar á Suðurlandi
- víðtækum samskiptum við þá sem láta sig fullorðinsfræðslu varða

3. Heiti, lógó o.fl. í framhaldi af stefnumótunarvinnu

Fram hafa komið hugmyndir um breytingar á nafni og firmamerki Fræðslunetsins, þannig að það verði meira lýsandi fyrir starfsemi stofnunarinnar. Hinsvegar er óheppilegt að breyta nöfnum og merkjum sem skapað hafa sér sess í samfélaginu. Lagðar voru fram nokkrar tillögur að nýju merki, þar sem megináherslan er á nafnið „Fræðslunetið“, í stað núverandi merkis þar sem „Suðurlands“ er mest áberandi. Tillögurnar voru ræddar fram og aftur og samþykkt að unnið verði að frekari útfærslum í þessum anda.

4. Staðan í lok vorannar

Lagðar fram upplýsingar um þátttöku á námskeiðum og fjölda námskeiðsstunda á vorönn 2010. Fjöldi nemenda á námskeiðum var 472 og nemendastundir 18.008,5 sem er meira en vorið 2009, en þá sóttu um 380 nemendur námskeið. Stærstu námskeiðin eru „Grunnmenntaskólinn“ og „Nám og þjálfun“ með 4800 nemendastundir hvort. Bæði þessi námskeið eru á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

5. Haustönn 2010 – horfur

Framkvæmdastjóri fór yfir horfurnar og lagði fram til kynningar frumdrög að námsvísi haustannar 2010, þykkan og efnisríkan bækling. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með þær góðu væntingar sem drögin gefa.

6. Önnur mál

- a. Þörf er orðin á því að endurnýja skjá við annan fjarkennslubúnaðinn. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að kaupa nýjan skjá.
- b. Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega fjárhagsstöðuna, sem er góð.

Fundi slitið kl. 17.40